

Vettvangsferð og hátíðarkvöldverður

- Lagt verður af stað í vettvangsferð frá hótelinu kl. 17:00. Farið verður með rútu á Hvanneyri og skoðaðar margar af helstu gersemum staðarins, sem á sér langa og merka sögu. Þá verður dálítill brjóstbirta í boði ásamt öðrum viðurgjörningi. Komið verður aftur á hótelið um hálfri annarri klukkustund síðar.
- Hátíðarkvöldverður ráðstefnunnar verður í Landnámssetriinu og hefst hann kl. 19:00 með fordrykk í boði Háskólans á Bifröst. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, skálar við gesti og býður þá velkomna. Borðhald hefst klukkan 19:30 og verður reiddur fram þriggja rétta kvöldverður. Einar Kárason, rithöfundur og sagnaþulur er sérstakur gestur kvöldsins.

Matseðill í Landsnámssetrinu

Nautapinnur með parmesan osti og balsamik ediki.

Grillsteikt lambafillet með ofnbökuðu rötargrænmeti, kartöflum og einstakri rósmarín-döðlusósu staðarins.

Volg súkkulaðiterta með þeyttum rjóma og kaffi eða te.

- Innheimta vegna vettvangsferðar (kr. 3.500) og kvöldverðar (kr. 9.000) fer fram við skráningu ráðstefnunnar föstudagsmorgun. Nauðsynlegt er að hafa skráð sig áður.

Nánari upplýsingar ef óskað er eru veittar á samskiptastjori@bifrost.is.